



Fundargerð hreppsnefndar 20. september 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 20. september 2012 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði

Á fundinn voru mætt: Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Bárður Jónasson og Guðrún Anna Guðnadóttir, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Í upphafi fundar óskaði oddviti eftir því að bera upp fundargerð húsnæðisnefndar frá 13. sept. sl. undir 3. lið fundarins. Fundargerðin fylgdi fundargögnum en láðist að nefnda í auglýstri dagskrá. Það var samþykkt.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 6. sept. sl.
Lögð framfundargerð hreppsnefndar frá 6. sept. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.
2. mál. Fundargerð fræðslunefndar frá 5. sept.sl.
Fundarmenn fagna því að farið sé að huga að sumarlokun Brekkubæjar og óska eftir því að lokun sumarið 2013 verði auglýst með góðum fyrirvara.
Fundargerð fræðslunefndar frá 5. sept. sl. lögð fram.
3. mál.Fundargerð húsnæðisnefndar frá 13. sept.sl.
Lögð fram fundargerð húsnæðisnefndar frá 13. sept. sl.
Málsmeðferð húsnæðisnefndar samþykkt.
4. mál. Stofnun samtaka sjávarútvegssveitarfélaga.
Lagt fram bréf frá undirbúningshópi um stofnun sjávarútvegssveitarfélaga. Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir að gerast stofnaðili að Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga. Samþykkt að Þórunn Egilsdóttir, oddviti fari með umboð Vopnafjarðarhepps á stofnfundinum.
5. mál. Sundabúð – staða mála.
Oddviti fór yfir stöðu mála og sagði frá stofnun vinnuhóps sem vinnur að því að kanna möguleika í breyttu rekstrarfyrirkomulagi. Fram kom að fyrirhugað er námskeið fyrir starfsfólk HSA, vinnufundur og hafin er greining á þjónustupörf. Jafnframt kom fram að oddviti hefur verið í sambandi við þingmenn kjördæmisins sem eru einnig að skoða málið. Þeir hafa fundað með velferðarráðherra og fyrirhugaðir eru fundir þeirra með forsvarsmönnum HSA og sveitarstjórn í kjördæmaviku sem verður í upphafi næsta mánaðar.
6. mál. Að loknu SSA þingi
Farið yfir málefni þingsins. Lýstu þingfulltrúar yfir ánægju með móttökur heimamanna og umgjörð alla.
Ræddir voru starfshættir innan SSA og hver staða einstakra sveitarfélaga er innan vébanda þess. Menn voru á eitt sáttir um að skoða þyrfti vinnubrögð á aðalfundi og setja skýrari reglur varðandi tillöguflutning. Hreppsnefnd felur oddvita að koma sjónamiðum Vopnfirðinga á framfæri í stjórn SSA.